

Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Sveitarfélaginu Hornafirði

Með vísan til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og málefni aldraðra nr. 125/1999. Notendur greiða fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf og mat.

Aðstoð við almenn heimilisstörf

Gjald fyrir heimaþjónustu fer eftir lífeyrisgreiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins. Aldrei er innheimt fyrir meira en tveggja tíma aðstoð við heimilisstörf vikulega.

Matur

Heimsendur matur	1.414 kr.*
Hádegismatur í Ekrinni og Miðgarði	1.385 kr.*
Kaffi í Ekrinni	200 kr.**
Kaka í Ekrinni	500 kr.**
Dagdvöl aldraðra með mat	1.579 kr.***

*Gjaldskrá fylgir innkaupaverði frá birgja

**Gjaldskrá endurskoðuð árlega

***Skv. reglugerð nr.1245/2016 um dagdvöl aldraðra

Innheimta

Reikningar fyrir ofangreinda þjónustu eru sendir notendum mánaðarlega, í upphafi næsta mánaðar eftir að þjónustan er innt af hendi.

Fylgigögn með umsókn

Til að hægt sé að sækja um afslátt af gjaldi fyrir heimaþjónustu þurfa eftirtalin gögn að fylgja með umsókn um heimaþjónustu, *launa- eða greiðsluseðlar þriggja undangenginna mánaða og afrit af nýjasta skattframtali hverju sinni.*

Árlega er kallað eftir endurnýjun umsókna um niðurfellingu gjalds og tekjuupplýsingum. Kjósi notendur af einhverjum ástæðum að skila ekki inn umsókn og tekjuupplýsingum fyrir tilskilinn tíma greiða þeir fullt gjald.

Tekjumörk árið 2024

Við ákvörðun tekjumarka er miðað viðmiðunargreiðslur almannatrygginga til lífeyrisþega í janúar ár hvert. Fyrir árið 2023 eru það:

- Einstaklingar með tekjur undir 417.391,- krónum á mánuði
- fólk sem heldur heimili saman, hvort með tekjur undir 333.194,- krónur á mánuði,

Undanþegnir gjaldskyldu félagslegrar heimaþjónustu eru:

- Einstaklingar og hjón sem hafa tekjur undir framangreindum tekjuviðmiðum

50% afslátt af félagslegri heimaþjónustu fá:

- Einstaklingar og hjón sem eru með allt að 25% hærri tekjur en framangreind tekjuviðmið

Notendur greiða ekki fyrir fleiri en 8 klukkustundir á mánuði.

Tekjumörk einstaklinga

Neðri mörk	Efri mörk	Gjaldflokkar	Kr/klst
0	417.391	Flokkur 0	0
417.392	521.739	Flokkur I	1123
521.740		Flokkur II	2245

Tekjumörk hjóna og sambylisfólks

Neðri mörk	Efri mörk	Gjaldflokkar	Kr/klst
0	666.388	Flokkur 0	0
666.389	832.985	Flokkur I	1123
832.986		Flokkur II	2245

Sjá [reglur](#) fyrir frekar upplýsingar.

Málskot

Heimilt er að skjóta ákvörðunum starfsmanna um þjónustuna og gjaldtöku til velferðarnefndar Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Skal það gert skriflega og innan fjögurra vikna frá því notanda var kunnugt um ákvörðun starfsmanna.

Ákvörðun velferðarnefndar má skjóta til Úrskurðarnefndar velferðarmála, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík. Skal það gert skriflega og innan þriggja mánaða frá því notanda var kunnugt um ákvörðun ráðsins.

Starfsmaður velferðarsviðs skal leiðbeina umsækjendum um hvernig skuli skjóta ákvörðunum til úrskurðarnefndar velferðarmála.

Samþykkt í bæjarstjórn 11.01.2024.

Sigurjón Andrésson bæjarstjóri